

15. ágúst 2025

Kæru nemendur og foreldrar.

Nú er sumarfríið á enda og nýtt skólaár að hefjast. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og forráðamenn velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins í vetur.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 25. ágúst klukkan 8:30 og skóla lýkur klukkan 13:30.

Líkt og undanfarin ár útvegar skólinn nemendum ritföng og stílabækur sem eru ætluð til afnota í skólanum.

Inngangur nemenda í 3. og 4. bekk er um aðalinnganginn og þar raða nemendur skónum í skóhillur og hengja yfirhafnir á merкта snaga. Einnig hafa nemendur aðgang að skáp á efri hæð fyrir framan heimastofurnar þar sem gott er að geyma t.d. sundpoka og aukaföt.

Í vetur verðum við með 5 umsjónarhópa. Í dag eru skráðir 57 nemendur í 3. bekk og 4 nemendur í 4. bekk. Heimastofurnar okkar heita Víðihlíð, Sunnuhlíð og Úthlíð.



Umsjónarkennarar:

Edda Ósk, Hulda Soffía, Ingibjörg Soffía, Nína Hrönn og Pórey.

Sérkennari: Lilja Guðrún

Fjölmenningskennari: Guðrún

Stuðningsfulltrúar: Daníel Hrafn, Jóhann Frank og Óskar.

Proskapjálfi: Sunna

Atferlisfræðingur: Tímea

Hlökkum til að vinna með ykkur í vetur!

Bestu kveðjur, 3. og 4. bekkjarteymið 😊